

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/1999

frá 11. desember 2018

um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013.

Greinar 2(1)- 2(10), 2(12)-(13), 2(15)-2(17), 18, 26(2)-(7), 29(5)(b), 37 – 42, 44(1)(a),(2),(3) og (6), 57 – 58 og viðaukar V-VII auk XII – XIII.

2. gr.

Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar skulu gilda:

- 1) „stefnur og ráðstafanir“: öll stjórnæki, sem stuðla að því að uppfylla markmið samþætta landsbundna orku- og loftslagsáætlananna og/eða til að framkvæma skuldbindingar skv. a- og b-lið 2. mgr. 4. gr. í rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem geta náð yfir stjórnæki sem ekki hafa að meginmarkmiði að takmarka og minnka losun gróðurhúsalofttegunda eða gera breytingar á orkukerfinu,
- 2) „gildandi stefnur og ráðstafanir“: framkvæmdar stefnur og ráðstafanir og samþykktar stefnur og ráðstafanir,
- 3) „framkvæmdar stefnur og ráðstafanir“: stefnur og ráðstafanir sem eitt eða fleiri eftirtalinn atriða eiga við um á þeim degi þegar samþætta, landsbundna orku- og loftslagsáætlunin er lögð fram eða þegar samþætta, landsbundna framvinduskýrslan um orku- og loftslagsmál er lögð fram: lög Sambandsins eða landslög sem gilda án frekari lögfestingar eru í gildi, einn eða fleiri frjálssir samningar hafa verið gerðir, fjármagni hefur verið úthlutað, mannaður hefur verið virkjaður,

- 4) „samþykktar stefnur og ráðstafanir“: stefnur og ráðstafanir sem opinber ákvörðun ríkisstjórnar hefur verið tekin um fyrir þann dag þegar samþætta, landsbundna orku- og loftslagsáætlunin er lögð fram eða þegar samþætta, landsbundna framvinduskýrslan um orku- og loftslagsmál er lögð fram og fyrir hendi er skýr skuldbinding um að hefja framkvæmd,
- 5) „fyrirhugaðar stefnur og ráðstafanir“: valkostir sem verið er að ræða um og sem hafa raunhæfan möguleika á að verða samþykktir og framkvæmdir þegar samþætta, landsbundna orku- og loftslagsáætlunin eða samþætta, landsbundna framvinduskýrslan um orku- og loftslagsmál hefur verið lögð fram,
- 6) „kerfi fyrir stefnur og ráðstafanir og spár“: kerfi stofnanalegs, lagalegs og málsmeðferðarlegs fyrirkomulags sem er komið á til skýrslugjafar um stefnur og ráðstafanir og spár varðandi losun af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á gróðurhúsalofttegundum og varðandi orkukerfið, m.a. eins og krafist er skv. 39. gr.,
- 7) „spár“: spár um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka eða þróun á orkukerfinu, þ.m.t. að minnsta kosti meginleg mót fyrir fjögur samfelld ár í framtíðinni sem enda á 0 eða 5, strax að skýrslugjafarárinu liðnu,
- 8) „spár án ráðstafana“: spár um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka sem útiloka áhrif af öllum stefnum og ráðstöfunum sem eru fyrirhugaðar, samþykktar eða hrint í framkvæmt eftir árið sem valið er sem upphafspunktur fyrir viðkomandi spá,
- 9) „spár með ráðstöfunum“: spár um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka sem ná til áhrifa af stefnum og ráðstöfunum, með tilliti til skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda eða þróunar á orkukerfinu, sem hafa verið samþykktar og hrint í framkvæmd,
- 10) „spár með viðbótarráðstöfunum“: spár um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka eða þróun í orkukerfinu sem, með tilliti til skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda, ná til áhrifa af stefnum og ráðstöfunum sem hafa verið samþykktar og hrint í framkvæmd til að draga úr loftslagsbreytingum eða uppfylla markmið um orku, ásamt stefnum og ráðstöfunum sem eru fyrirhugaðar í þeim tilgangi,
- 12) „landsbundið skráningarkerfi“: kerfi stofnanalegs, lagalegs og málsmeðferðarlegs fyrirkomulags sem er komið á innan aðildarríkis til að meta losun af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á gróðurhúsalofttegundum og til að gefa skýrslur um og geyma skráaupplýsingar,
- 13) „vísir“: meginlegur eða eigindlegur stuðull eða breyta sem stuðlar að betri skilningi á framvindu framkvæmdar,
- 15) „tæknilegar leiðréttingar“: breytingar á mötum á landskrám yfir gróðurhúsalofttegundir, sem gerðar eru í tengslum við endurskoðunina sem er framkvæmd skv. 38. gr., ef framlögð gögn úr skráum eru ófullkomin eða tekin saman á einhvern hátt sem er ekki í samræmi við viðeigandi alþjóðlegar reglur eða reglur Sambandsins eða viðmiðunarreglur og sem ætlað er að koma í staðinn fyrir mót sem voru upphaflega lögð fram,
- 16) „gæðatrygging“: skipulagt kerfi endurskoðunaraðferða til að tryggja að markmið um gæði gagna séu uppfyllt og að gefin sé skýrsla um bestu, hugsanlegu mót og upplýsingar til að styðja skilvirkni gæðaeftirlitsáætlunarinnar og til að aðstoða aðildarríkin,
- 17) „gæðaeftirlit“: kerfi venjubundinnar, tæknilegrar starfsemi til að mæla og hafa eftirlit með gæðum upplýsinga og mata sem tekin eru saman með það að markmiði að tryggja heilleika, réttleika og heildstæðni gagna, greina og fást við villur og úrfellingar, skjalfesta og geyma gögn og annað efni sem er notað og skrá alla starfsemi gæðaeftirlitsins,

18. gr.

Sambætt skýrslugjöf um stefnur og ráðstafanir varðandi gróðurhúsalofttegundir og um spár

1. Eigi síðar en 15. mars 2021, og á tveggja ára fresti eftir það, skulu aðildarríkin leggja skýrslur fyrir framkvæmdastjórnina með upplýsingum um:
 - a) landsbundnar stefnur þeirra og ráðstafanir eða flokk ráðstafana eins og sett er fram í VI. viðauka og
 - b) landsspár þeirra um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka, flokkað eftir lofttegund eða hópum lofttegunda (vetnisflúorókölefini og perflúorókölefini) sem eru tilgreindar í 2. hluta V. viðauka. Í landsspám skal taka tillit til allra stefna og ráðstafana sem eru samþykktar á vettvangi Sambandsins og þær skulu innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í VII. viðauka.
2. Aðildarríkin skulu greina frá allra nýjustu spánum sem liggja fyrir. Ef aðildarríki leggur ekki fram fullfrágengin mót um spár fyrir 15. mars annað hvert ár og framkvæmdastjórnin hefur staðfest að viðkomandi aðildarríki geti ekki fyllt í eyður í mótunum, sem komu í ljós í málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar við gæðatryggingu eða gæðaeftirlit, er framkvæmdastjórninni heimilt, í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki, að útbúa mót, eins og nauðsyn krefur, til að taka saman spár Sambandsins.
3. Aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni allar verulegar breytingar á upplýsingunum, sem veittar eru skv. 1. mgr. á fyrsta ári skýrslutímabilsins, eigi síðar en 15. mars á næsta ári eftir síðustu skýrslu.
4. Aðildarríkin skulu gera landsspár sínar skv. 1. mgr. aðgengilegar fyrir almenning á rafrænu formi, ásamt viðeigandi mötum á kostnaði og áhrifum af landsbundnum stefnum og ráðstöfunum í tengslum við framkvæmd stefna Sambandsins sem varða takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda, ásamt viðeigandi tækniskýrslum sem styðja við þær. Spárnar og mötin skulu innihalda lýsingar á þeim líkönum og aðferðafræðilegum aðferðum sem eru notuð, skilgreiningar og undirliggjandi forsendur.

26. gr.

Ársskýrslur

2. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslur um bráðabirgðaskrár sínar yfir gróðurhúsalofttegundir fyrir árið X-1, fyrir 31. júlí 2021 og á hverju ári þar á eftir (ár X).

Hvað þessa málsgrein varðar skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli bráðabirgðaskráa aðildarríkjanna yfir gróðurhúsalofttegundir eða, ef aðildarríki hefur ekki sent bráðabirgðaskrár sínar fyrir þann dag, á grundvelli eigin mata, árlega taka saman bráðabirgðaskrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir. Framkvæmdastjórnin skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar almenningi eigi síðar en 30. september á hverju ári.
3. Frá og með 2023 skulu aðildarríkin ákvarða og tilkynna framkvæmdastjórninni um endanleg gögn úr skránni yfir gróðurhúsalofttegundir fyrir 15. mars ár hvert (ár X) og bráðabirgðagögn fyrir 15. janúar ár hvert, þ.m.t. yfir gróðurhúsalofttegundir og þær skráaupplýsingar sem taldar eru upp í V. viðauka. Skýrslan um endanleg gögn úr skránni yfir gróðurhúsalofttegundir skal einnig innihalda fullfrágengna og uppfærða skýrslu um landsskrána. Innan þriggja mánaða frá því að skýrslurnar berast skal framkvæmdastjórnin gera upplýsingarnar sem um getur í n-lið I. hluta V. viðauka aðgengilegar fyrir nefndina um loftslagsbreytingar sem um getur í a-lið 1. mgr. 44. gr.
4. Aðildarríkin skulu afhenda skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar landsskrár sem innihalda upplýsingar um endanleg gögn úr skránni yfir gróðurhúsalofttegundir sem lagðar voru fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 3. mgr. fyrir 15. apríl ár hvert. Framkvæmdastjórnin skal árlega, í samstarfi við aðildarríkin, taka saman skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir og semja skýrslu um skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir og leggja þær fyrir skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eigi síðar en 15. apríl ár hvert.

5. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina bráðabirgðagögn og endanleg gögn úr landsskrám sínum fyrir 15. janúar og fyrir 15. mars, í þeirri röð, árið 2027 og árið 2032 sem tekin voru saman fyrir reikninga þeirra um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt vegna skýrslna um fylgni við tilskilin ákvæði í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841.

6. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 43. gr. til að:

- a) breyta 2. hluta V. viðauka með því að bæta við eða fella út efni í skránni yfir gróðurhúsalofttegundir í samræmi við viðeigandi ákvarðanir sem stofnanir rannsóknarsamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Parísarsamningsins samþykkja,
- b) bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja gildi fyrir hnatthlúnunarmátt og tilgreina leiðbeiningar um skrár sem gilda í samræmi við viðeigandi ákvarðanir sem stofnanir rannsóknarsamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Parísarsamningsins samþykkja.

7. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð frá nefndinni um loftslagsbreytingar sem um getur í a-lið 1. mgr. 44. gr., samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða uppbyggingu, tækniupplýsingar, snið og ferli fyrir framlagningu aðildarríkanna á bráðabirgðaskrár yfir gróðurhúsalofttegundir skv. 2. mgr. þessarar greinar, skrár yfir gróðurhúsalofttegundir skv. 3. mgr. þessarar greinar ásamt losun og upptöku gróðurhúsalofttegunda sem grein hefur verið gerð fyrir í samræmi við 5. og 14. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841.

Þegar framkvæmdastjórnin gerir tillögur að slíkum framkvæmdargerðum skal hún taka tillit til tímaáætlana rannsóknarsamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Parísarsamningsins fyrir vöktun og skýrslugjöf um þær upplýsingar og viðeigandi ákvarðanir sem stofnanir rannsóknarsamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Parísarsamningsins samþykkja til að tryggja að Sambandið uppfylli skýrslugjafarskyldur sínar sem aðili að rannsóknarsamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Parísarsamningnum. Í þessum framkvæmdargerðum skal einnig tilgreina tímamörk fyrir samstarf og samræmingu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkanna við að taka saman skýrsluna um skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 6. mgr. 44. gr.

29. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 31. október 2021 og á hverju ári þar á eftir, meta, einkum á grundvelli upplýsinganna sem lagðar voru fram samkvæmt þessari reglugerð, hvort Sambandið og aðildarríki þess hafi náð að nálgast það að uppfylla eftirfarandi skuldbindingar svo viðunandi þyki:

- b) skuldbindingar sem settar eru fram í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 og í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841,

37. gr.

Skráningarkerfi Sambandsins og landsbundin skráningarkerfi

1. Aðildarríkin skulu, fyrir 1. janúar 2021, koma á fót landsbundnum skráningarkerfum, starfrækja þau og leitast við að bæta þau stöðugt, til að meta losun af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á gróðurhúsalofttegundum sem eru tilgreindar í 2. hluta V. viðauka og til að tryggja tímanleika, gagnsæi, nákvæmni, samkvæmni, sambærileika og heildstæðni skráa sinna yfir gróðurhúsalofttegundir.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær skráningaryfirvöld þeirra hafi aðgang að þeim upplýsingum sem eru tilgreindar í XII. viðauka við þessa reglugerð, noti skýrslugjafarkerfi sem sett eru á fót skv. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 til að bæta matið á flúoruðum lofttegundum í landsskránum yfir gróðurhúsalofttegundir og geti framkvæmt árlegt eftirlit með samkvæmni sem um getur í i- og j-lið 1. hluta V. viðauka við þessa reglugerð.

3. Skráningarkerfi Sambandsins, til að tryggja tímanleika, gagnsæi, nákvæmni, samkvæmni, samanburðarhæfi og heildstæðni landsskráa að því er varðar skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir, er hér með komið á fót. Framkvæmdastjórnin skal hafa umsjón með því kerfi, viðhalda því og leitast við að bæta það stöðugt og skal það m.a. felast í því að koma á fót gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsáætlun, setja gæðamarkmið og senja áætlun um gæðatryggingu og gæðaeftirlit með skrár ásamt málsmeðferðarreglum til að ljúka við mót á losun til að taka saman skrá Sambandsins skv. 5. mgr. þessarar greinar og endurskoðunum sem um getur í 38. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma fyrstu athugun á nákvæmni bráðabirgðagagnanna um gróðurhúsalofttegundir sem aðildarríkin eiga að leggja fram skv. 3. mgr. 26. gr. Hún skal senda niðurstöður þeirrar athugunar til aðildarríkanna innan sex vikna frá því að framlagningarfræsturinn rann út. Aðildarríkin skulu bregðast við öllum viðeigandi spurningum, sem vakna við fyrstu athugun, eigi síðar en 15. mars ásamt því að leggja fram endanlega skrá fyrir árið X-2.

5. Ef aðildarríki leggur ekki fram gögn úr skrá, sem eru nauðsynleg til að taka saman skrá Sambandsins, eigi síðar en 15. mars getur framkvæmdastjórnin útbúið mót til að fylla upp í gögnin sem aðildarríkið lagði fram, í samráði og nánú samstarfi við hlutaðeigandi aðildarríki. Framkvæmdastjórnin skal í þessu skyni nota viðmiðunarreglurnar sem gilda um samantekt landskráa yfir gróðurhúsalofttegundir.

6. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð nefndarinnar um loftslagsbreytingar sem um getur í a-lið 1. mgr. 44. gr., samþykkja framkvæmdargerðir til að setja reglur um uppbyggingu, snið og framlagningarferli upplýsinga sem varða landsbundin skráningarferfi og kröfur um stofnun, starfrækslu og virkni landsbundinna skráningarkerfa.

Þegar framkvæmdastjórnin gerir tillögur að slíkum framkvæmdargerðum skal hún taka tillit til allra viðeigandi ákvarðana sem stofnanir rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Parísarsáttmálans hafa samþykkt.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 6. mgr. 44. gr.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 43. gr. til að bæta við þessa reglugerð með því að setja reglur varðandi kröfur um stofnun, starfrækslu og virkni skráningarkerfis Sambandsins. Þegar framkvæmdastjórnin gerir tillögur að slíkum framseldum gerðum skal hún taka tillit til allra viðeigandi ákvarðana sem stofnanir rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Parísarsáttmálans samþykkja.

38. gr.

Endurskoðun á skrá

1. Á árunum 2027 og 2032 skal framkvæmdastjórnin framkvæma ítarlega endurskoðun á gögnum úr landskrám, sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 4. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar, með það fyrir augum að vakta skerðingu eða takmarkanir á losun aðildarríkjanna á gróðurhúsalofttegundum skv. 4., 9. og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 og skerðingu þeirra á losun og aukningu á upptöku í viðtaka í samræmi við 4. og 14. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841 ásamt öllum öðrum markmiðum um að draga úr eða takmarka losun gróðurhúsalofttegunda sem sett eru fram í löggjöf Sambandsins. Aðildarríkin skulu taka fullan þátt í því ferli.

2. Ítarlega endurskoðunin, sem um getur í 1. mgr., skal fela í sér:

a) athugun til að staðfesta gagnsæi, nákvæmni, samkvæmni, samanburðarhæfi og heildstæðni framlagðra upplýsinga,

- b) athugun til að greina tilvik þar sem gögn úr skrárm eru tekin saman á einhvern hátt sem er ekki í samræmi við leiðbeiningar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar varðandi skjalahald eða reglur Sambandsins,
- c) athugun til að greina tilvik þar sem reikningshald varðandi landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt fer fram á einhvern hátt sem er ekki í samræmi við leiðbeiningar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar varðandi skjalahald eða reglur Sambandsins og
- d) eftir því sem við á, útreikning á nauðsynlegum, tæknilegum leiðréttingum sem af þessu leiða, í samræði við aðildarríkin.

3. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð frá nefndinni um loftslagsbreytingar sem um getur í a-lið 1. mgr. 44. gr., samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða tímasetningu og verklag við framkvæmd ítarlegu endurskoðunarinnar, þ.m.t. þau verkefni sem sett eru fram í 2. mgr. þessarar greinar, og tryggja tilhlýðilegt samráð við aðildarríkin með tilliti til niðurstaðna úr endurskoðuninni.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 6. mgr. 44. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, ákvarða heildarsummu losunar fyrir viðkomandi ár sem fæst úr leiðréttnum gögnum úr skrárm hvers aðildarríkis við lok endurskoðunarinnar, skipt á milli gagna um losun sem varða 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 og gagna um losun sem um getur í c-lið 1. hluta V. viðauka við þessa reglugerð, og einnig ákvarða heildarsummu losunar og upptöku sem varðar 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841.

5. Nota skal gögnin fyrir hvert aðildarríki, eins og þau eru skráð í skrárnar sem komið var á fót skv. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841 fjórum mánuðum eftir birtingardag framkvæmdargerðar sem var samþykkt skv. 4. mgr. þessarar greinar, til eftirlits með því að farið sé að ákvæðum 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841, þ.m.t. breytingar á slíkum gögnum sem verða vegna þess að aðildarríki nýtir sér sveigjanleikann sem kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841.

6. Nota skal gögnin fyrir hvert aðildarríki, eins og þau eru skráð í skrárnar sem komið var á fót skv. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841 tveimur mánuðum eftir dagsetningu eftirlits með því hvort farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2018/841 sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, til eftirlits með því að farið sé að ákvæðum skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 fyrir árin 2021 og 2026. Eftirlit með því að farið sé að ákvæðum skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 fyrir hvert ár frá 2022 til 2025 og 2027 til 2030 skal fara fram einum mánuði eftir dagsetningu eftirlits með því að farið sé að tilskildum ákvæðum fyrir árið á undan. Þetta eftirlit skal ná yfir breytingar á slíkum gögnum sem verða í kjölfar þess að hlutaðeigandi aðildarríki nýtir sér sveigjanleika skv. 5., 6. og 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842.

39. gr.

Kerfi Sambandsins og landsbundin kerfi fyrir stefnur og ráðstafanir og spár

1. Eigi síðar en 1. janúar 2021 skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin starfrækja landskerfi annars vegar og Sambandskerfi hins vegar og leitast við að bæta þau stöðugt, til skýrslugjafar um stefnur og ráðstafanir og til skýrslugjafar um spár varðandi losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka. Þessi kerfi skulu ná yfir viðeigandi stofnanalegt, lagalegt og málsmeðferðarlegt fyrirkomulag, sem komið er á innan aðildarríkis og Sambandsins, til að meta stefnu og gera spár um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu miða að því að tryggja tímanleika, gagnsæi, nákvæmni, samkvæmni, sambærileika og heildstæðni þeirra upplýsinga sem veittar eru um stefnur og ráðstafanir og spár varðandi losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka, eins og um getur í 18. gr., þ.m.t. notkun og beiting á gögnum, aðferðum og líkönum, og framkvæmd gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsstarfsemi og næmisgreiningar.

3. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð frá nefndinni um loftslagsbreytingar sem um getur í a-lið 1. mgr. 44. gr., samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða uppbyggingu, snið og framlagningarferli fyrir upplýsingar um landsbundin kerfi og kerfi Sambandsins fyrir stefnur og ráðstafanir og spár skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar og 18. gr.

Þegar framkvæmdastjórnin leggur fram tillögur að slíkum framkvæmdargerðum skal hún taka tillit til viðeigandi ákvarðana sem stofnanir rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Parísarsáttmálans samþykkja, þ.m.t. alþjóðlega samþykktar skýrslugjafarkröfur ásamt tímaáætlunum vegna vöktunar og skýrslugjafar um þær upplýsingar.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 6. mgr. 44. gr.

40. gr.

Stofnun skráa og rekstur þeirra

1. Sambandið og aðildarríkin skulu koma á fót og viðhalda skráum til að halda nákvæmt bókhald um landsákvörðuð framlög skv. 13. mgr. 4. gr. Parísarsamningsins og alþjóðlega yfirfærðar niðurstöður mildunar skv. 6. gr. þess samnings.
2. Sambandinu og aðildarríkjunum er heimilt að halda skrár sínar í samstæðukerfi með öðru aðildarríki eða öðrum aðildarríkjum.
3. Gögnin í skránum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu gerð aðgengileg þeim miðlæga stjórnanda sem tilnefndur er skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB.
4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 43. gr. til að bæta við þessa reglugerð með því að setja upp skránar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og til að koma á, með skráum Sambandsins og aðildarríkjanna, nauðsynlegri tæknilegri framkvæmd viðeigandi ákvarðana stofnana rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Parísarsamningsins í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

7. KAFLI

Samstarf og stuðningur

41. gr.

Samstarf milli aðildarríkjanna og Sambandsins

1. Aðildarríkin skulu vinna saman og samræma sig að öllu leyti hvert við annað og við Sambandið í tengslum við skuldbindingar samkvæmt þessari reglugerð, einkum að því er varðar:
 - a) ferlið við að undirbúa, samþykkja, tilkynna og meta samþættu, landsbundnu orku- og loftslagsáætlanirnar skv. 9. til. 13. gr.,
 - b) ferlið við að undirbúa, samþykkja, tilkynna og meta samþætta, landsbundna framvinduskýrslu um orku- og loftslagsmál skv. 17. gr. og árlega skýrslugjöf skv. 26. gr.,
 - c) ferlið í tengslum við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar og að bregðast við þeim tilmælum skv. 9. gr. (2. og 3. mgr.), 17. gr. (6. mgr.), 30. gr. (1. mgr.), 31. gr. (1. mgr.) og 32. gr. (1. og 2. mgr.),
 - d) samantekt á skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir og samantekt á skýrslu um hana skv. 4. mgr. 26. gr.,
 - e) að taka saman landsskýrslu Sambandsins skv. 12. gr. rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og tveggja ára skýrslu Sambandsins samkvæmt ákvörðun 2/CP.17 eða síðari, viðeigandi ákvörðunum sem aðilar að rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar samþykktu,
 - f) endurskoðunar- og reglufylgningaðferðir samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Parísarsamningnum í samræmi við allar gildandi ákvarðanir samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem og málsmeðferð Sambandsins við endurskoðun á skráum aðildarríkjanna yfir gróðurhúsalofttegundir sem um getur í 38. gr.,
 - g) allar aðlaganir að loknu endurskoðunarferlinu sem um getur í 38. gr. eða aðrar breytingar á skráum og skýrslum um skrár sem lagðar eru fyrir, eða leggja skal fyrir, skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar,
 - h) samantekt á bráðabirgðaskrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir skv. 2. mgr. 26. gr.
2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að veita aðildarríkjunum tæknilegan stuðning í tengslum við skuldbindingar samkvæmt þessari reglugerð óski aðildarríki þess.

42. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar Evrópu

Umhverfisstofnun Evrópu skal aðstoða framkvæmdastjórnina í starfi sínu að því er varðar þá þætti sem tengjast minnkun kolfnislosunar og orkunýtni til að fara að 15.–21., 26., 28., 29., 35., 37., 38., 39. og 41. gr. í samræmi við árlega vinnuáætlun sína. Þetta skal ná til aðstoðar, eins og við á, við að:

- a) taka saman upplýsingar sem aðildarríkin veita um stefnur og ráðstafanir og spár,
- b) annast gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsaðferðir varðandi upplýsingar sem aðildarríkin veita um spár og stefnur og ráðstafanir,

- c) taka saman mót, eða bæta við þau mót sem framkvæmdastjórnin hefur aðgang að, á gögnum varðandi spár sem aðildarríkin hafa ekki tilkynnt um,
- d) taka saman gögn, þegar þau liggja fyrir í evrópskum hagskýrslum og eiga við að því er varðar tímasetningu, eins og krafist er fyrir skýrslu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um stöðu orkusambandsins,
- e) miðla upplýsingum sem er safnað samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. að viðhalda og uppfæra gagnagrunn um stefnur og ráðstafanir aðildarríkjana til að draga úr losun og um evrópska loftslagsaðlögunarvettvanginn í tengslum við áhrif, veikleika og aðlögun að loftslagsbreytingum,
- f) annast gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsaðferðir til að taka saman skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir,
- g) taka saman skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir og semja skýrslu um hana,
- h) taka saman mót um gögn sem ekki hefur verið tilkynnt um í landsskrám yfir gróðurhúsalofttegundir,
- i) framkvæma endurskoðunina sem um getur í 38. gr.,
- j) taka saman bráðabirgðaskrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir.

44. gr.

Nefndir

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar frá:
 - a) nefnd um loftslagsbreytingar að því er varðar framkvæmd þeirra málefna sem um getur í 19. gr. (5. mgr.), 26. gr. (7. mgr.), 37. gr. (6. mgr.), 38. gr. (3. mgr.) og 39. gr. (3. mgr.) og
2. Þessar nefndir skulu vera nefndir í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
3. Nefndin um loftslagsbreytingar sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar kemur í staðinn fyrir nefndina sem komið var á fót með 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013.
6. Þegar vísað er til þessarar greinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

57. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 525/2013 skal felld úr gildi frá og með 1. janúar 2021, með fyrirvara um umbreytingarákvæðin sem mælt er fyrir um í 58. gr. þessarar reglugerðar, að undanskilinni 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013 sem skal felld úr gildi frá og með 24. desember 2018. Líta skal á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XIII. viðauka.

58. gr.

Umbreytingarákvæði

Þrátt fyrir ákvæði 57. gr. þessarar reglugerðar skulu ákvæði a- og d-liðar 7. gr. og 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013 áfram gilda um skýrslurnar sem innihalda þau gögn sem krafist er samkvæmt þessum greinum fyrir árin 2018, 2019 og 2020.

Ákvæði 3. mgr. 11. gr. í reglugerð (ESB) nr. 525/2013 skulu gilda áfram að því er varðar annað skuldbindingartímabil Kýótó-bókanarinnar.

Ákvæði 19. gr. í reglugerð (ESB) nr. 525/2013 skulu gilda áfram um endurskoðun gagna úr skránum yfir gróðurhúsalofttegundir fyrir árin 2018, 2019 og 2020.

Ákvæði 22. gr. í reglugerð (ESB) nr. 525/2013 skulu gilda áfram um framlagningu skýrslunnar sem krafist er samkvæmt þeirri grein.

Fyrir sakir samræmis og réttarvissu skal ekkert í þessari reglugerð hindra beitingu undanþáganna samkvæmt viðeigandi sérlögum Sambandsins á sviði raforku og viðbúnaðar vegna áhættu sem tengist raforku.

V. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR UM SKRÁR YFIR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

1. HLUTI

Upplýsingar sem skulu vera í skýrslunum sem um getur í 3. mgr. 26. gr.:

- a) losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum af mannavöldum, sem eru tilgreindar í 2. hluta þessa viðauka og losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 fyrir árið X-2,
- b) gögn um losun þeirra af mannavöldum á kolsýringi (CO), brennisteinstvíoxíði (SO₂), köfnunarefnisoxíðum (NO_x) og rok-gjörnum, lífrænum efnasamböndum, sem eru í samræmi við gögn sem þegar hefur verið gefin skýrsla um skv. 8. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2284 fyrir árið X-2,
- c) losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum af mannavöldum frá upptökum og upptaka koltvísýrings í viðtaka vegna landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar fyrir árið X-2, í samræmi við aðferðirnar sem tilgreindar eru í 3. hluta þessa viðauka. Þessi gögn skulu eiga við fyrir skýrsluna um að farið sé að tilskildum ákvæðum skv. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841,
- d) allar breytingar á upplýsingunum, sem um getur í a-, b- og c-lið fyrir árin á bilinu frá viðkomandi grunnári eða -tímabili til ársins X-3, og tilgreina ástæður fyrir þessum breytingum,
- e) upplýsingar um vísa eins og sett er fram í 4. hluta þessa viðauka, fyrir árið X-2,
- f) samantekt upplýsinga um framkvæmdar yfirfærslur, skv. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 og 12. og 13. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841 fyrir árið X-1,
- g) upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að bæta mót á skrá, einkum hlutum skrárinnar sem hefur verið breytt eða ráðleggingar fengist um eftir endurskoðanir sérfræðinga,
- h) raunveruleg eða áætluð úthlutun á sannprófaðri losun sem rekstraraðilar stöðva tilkynna um samkvæmt tilskipun 2003/87/EB fyrir upptakaflokkka landsskrárinnar yfir gróðurhúsalofttegundir og hlutfall þessarar sannprófuðu losunar af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda sem skýrsla hefur verið gefin um í þessum upptakaflokkum fyrir árið X-2,
- i) ef við á, niðurstöður úr eftirliti sem fram fór varðandi samræmi milli losunar, sem skýrsla er gefin um í skrár yfir gróðurhúsalofttegundir fyrir árið X-2, og sannprófaðrar losunar sem skýrsla er gefin um samkvæmt tilskipun 2003/87/EB,
- j) ef við á, niðurstöður úr eftirliti sem fram fór varðandi samkvæmni gagna sem eru notuð til að meta losun við samantekt á skrár yfir gróðurhúsalofttegundir, fyrir árið X-2, með:
 - i) gögnum sem eru notuð til að taka saman skrár yfir loftmengunarefni samkvæmt tilskipun (ESB) 2016/2284,
 - ii) gögnum úr skýrslugjöf skv. 1. mgr. 19. gr. og VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 517/2014,
 - iii) orkugögnum úr skýrslugjöf skv. 4. gr. og viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1099/2008,
- k) lýsing á breytingum á landsbundnu skráningarkerfi þeirra, ef einhverjar eru,

l) lýsing á breytingum á landsskránni, ef einhverjar eru,

m) upplýsingar um áætlanir þeirra um gæðatryggingar og gæðaeftirlit, almennt óvissumat, almennt mat á heildstæðni og aðra þætti í skýrslunni um landsskrána yfir gróðurhúsalofttegundir sem þarf til að taka saman skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir,

n) upplýsingar um hvort aðildarríkin hyggist nýta sér sveigjanleikann, sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, sem og um notkun tekna skv. 6. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar.

Aðildarríki getur óskað eftir því að framkvæmdastjórnin veiti því undanþágu frá c-lið fyrstu málsgreinar til að beita annarri aðferðafræði en þeirri sem er tilgreind í 3. hluta þessa viðauka ef ekki er unnt að ná fram tilskildum endurbótum á aðferðafræðinni í tæka tíð til að unnt sé að taka tillit til endurbótanna í skránum yfir gróðurhúsalofttegundir fyrir tímabilið frá 2021 til 2030 eða ef kostnaður við endurbætur á aðferðafræðinni yrði óeðlilega hár samanborið við ávinninginn af því að beita slíkri aðferðafræði til að bæta bókhald yfir losun og upptöku vegna þess að losun og upptaka úr viðkomandi kolefnisgeymum er svo lítilvæg. Aðildarríki sem óska þess að njóta góðs af þessari undanþágu skulu leggja rökstudda beiðni fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2020, þar sem fram kemur fyrir hvaða tíma endurbæturnar á aðferðafræðinni gætu komið til framkvæmda, önnur aðferðafræði sem lögð er til, eða hvort tveggja, og mat á hugsanlegum áhrifum á nákvæmni í bókhaldi. Framkvæmdastjórnin getur farið fram á að viðbótarupplýsingar séu lagðar fram innan tiltekins, hæfilegs frests. Ef framkvæmdastjórnin telur að beiðnin sé réttlætanleg skal hún veita undanþáguna. Ef framkvæmdastjórnin hafnar beiðninni skal hún rökstyðja ákvörðun sína.

2. HLUTI

Gróðurhúsalofttegundir sem skulu falla hér undir eru:

Koltvísýringur (CO₂)

Metan (CH₄)

Níturoxíð (N₂O)

Brennisteinshexaflúoríð (SF₆)

Köfnunarefnistríflúoríð (NF₃)

Vetnisflúorókolefni (HFC):

- HFC-23 CHF₃
- HFC-32 CH₂F₂
- HFC-41 CH₃F
- HFC-125 CHF₂CF₃
- HFC-134 CHF₂CHF₂
- HFC-134a CH₂FCF₃
- HFC-143 CH₂FCHF₂
- HFC-143a CH₃CF₃
- HFC-152 CH₂FCH₂F
- HFC-152a CH₃CHF₂
- HFC-161 CH₃CH₂F
- HFC-227ea CF₃CHF₂CF₃
- HFC-236cb CF₃CF₂CH₂F
- HFC-236ea CF₃CHFCHF₂
- HFC-236fa CF₃CH₂CF₃
- HFC-245fa CHF₂CH₂CF₃
- HFC-245ca CH₂FCF₂CHF₂
- HFC-365mfc CH₃CF₂CH₂CF₃
- HFC-43-10mee CF₃CHFCHF₂CF₃ eða (C₅H₂F₁₀)

Perflúorókolefni (PFC):

- PFC-14, Perflúorómetan, CF₄
- PFC-116, Perflúoróetan, C₂F₆
- PFC-218, Perflúoróprópan, C₃F₈
- PFC-318, Perflúorósýklóbútan, c-C₄F₈
- Perflúorósýklóprópan c-C₃F₆
- PFC-3-1-10, Perflúoróbútan, C₄F₁₀
- PFC-4-1-12, Perflúorópentan, C₅F₁₂
- PFC-5-1-14, Perflúoróhexan, C₆F₁₄
- PFC-9-1-18, C₁₀F₁₈

3. HLUTI

Aðferðafræði við vöktun og skýrslugjöf í geiranum um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt

Landfræðilega skýr gögn um breytingu á landnotkun í samræmi við leiðbeiningar milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landskrár yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006.

Aðferðir í 1. aðferðarþrepi í samræmi við leiðbeiningar milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landskrár yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006.

Að því er varðar losun og upptöku fyrir kolefnisgeymi sem tekur til a.m.k. 25–30% af losun eða upptöku í upptaka- eða viðtaka-flokki sem er forgangsraðað í landsbundnu skráningarkerfi aðildarríkis vegna þess að mat á honum hefur veruleg áhrif á heildarskrá landsins yfir gróðurhúsalofttegundir með tilliti til algilds magns losunar og upptöku, þróunar í losun og upptöku eða óvissu um losun og upptöku í landnotkunarflokkum, a.m.k. aðferðir í 2. aðferðarþrepi í samræmi við leiðbeiningar milliríkjanevndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006.

Aðildarríki eru hvött til að nota aðferðir í 3. aðferðarþrepi í samræmi við leiðbeiningar milliríkjanevndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006.

4. HLUTI

Skráavísar

Yfirskrift vísis	Vísir
UMBREYTING B0	Sértæk losun koltvísýrings frá orkuverum til almenningsnota og eigin nota, t/TJ Losun koltvísýrings frá varmaorkuverum til almenningsnota og eigin nota, kt deilt með öllum vörum — framleiðsla varmaorkuvera til almenningsnota og eigin nota, PJ
UMBREYTING E0	Sértæk losun koltvísýrings frá orkuverum þeirra sem framleiða til eigin nota, t/TJ Losun koltvísýrings frá orkuverum þeirra sem framleiða til eigin nota, kt deilt með öllum vörum frá framleiðslu varmaorkuvera til eigin nota, PJ
IÐNAÐUR A1.1	Heildarkoltvísýringsstig — járn- og stáliðnaður, t/milljónir evra Heildarlosun koltvísýrings frá járn og stáli, kt deilt með vergu vinnsluvirði — járn- og stáliðnaður
IÐNAÐUR A1.2	Orkutengt koltvísýringsstig — efnaiðnaður, t/milljónir evra Orkutengd losun koltvísýrings frá efnaiðnaði, kt deilt með vergu vinnsluvirði — efnaiðnaður
IÐNAÐUR A1.3	Orkutengt koltvísýringsstig — gler-, leirvöru- og byggingarefnisíðnaður, t/milljónir evra Orkutengd losun koltvísýrings frá gler-, leirvöru- og byggingarefnisíðnaði, kt deilt með vergu vinnsluvirði — gler-, leirvöru- og byggingarefnisíðnaður
IÐNAÐUR A1.4	Orkutengt koltvísýringsstig — matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksíðnaður, t/milljónir evra Orkutengd losun koltvísýrings frá matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksíðnaði, kt deilt með vergu vinnsluvirði — matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksíðnaður, milljónir evra (EC95)
IÐNAÐUR A1.5	Orkutengt koltvísýringsstig — pappírs- og prentiðnaður, t/milljónir evra Orkutengd losun koltvísýrings frá pappírs- og prentiðnaði, kt — vergt vinnsluvirði — pappírs- og prentiðnaður, milljónir evra (EC95)
HEIMILI A0	Sértæk losun koltvísýrings frá heimilum til hitunar á rýmum, t/m ² Losun koltvísýrings frá heimilum til hitunar á rýmum deilt með yfirborðsfleti íbúðarhúsnæðis sem er í notkun allt árið, milljón m ²
ÞJÓNUSTA B0	Sértæk losun koltvísýrings til hitunar á rýmum í viðskipta- og haggeiranum, kg/m ² Losun koltvísýrings til hitunar á rýmum í viðskipta- og haggeiranum, kt deilt með yfirborðsfleti þjónustubygginga, milljón m ²
FLUTNINGAR B0	Sértæk dísilólutengd losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum, g/100 km
FLUTNINGAR B0	Sértæk bensíntengd losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum, g/100 km

VI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR UM STEFNUR OG RÁÐSTAFANIR Á SVIÐI LOSUNAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Upplýsingar sem skulu vera í skýrslunum sem um getur í 18. gr.:

- a) lýsing á landsbundnu kerfi þeirra til skýrslugjafar um stefnur og ráðstafanir eða flokka ráðstafana og til skýrslugjafar um spár um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka skv. 1. mgr. 39. gr., eða upplýsingar um allar breytingar sem gerðar hafa verið á kerfinu ef slík lýsing hefur þegar verið gefin,
- b) uppfærslur sem varða langtíma stefnuáætlanir þeirra sem um getur í 15. gr. og framvindu við framkvæmd þessara áætlana,
- c) upplýsingar um landsbundnar stefnur og ráðstafanir eða flokka ráðstafana og um framkvæmd á stefnum Sambandsins og ráðstöfunum eða flokkum ráðstafana sem takmarka eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá upptökum eða auka upptöku í viðtaka, sett fram eftir geirum og raðað eftir lofttegund eða hópum lofttegunda (vetnisflúorókölefnir og perflúorókölefnir) sem eru tilgreindar í 2. hluta V. viðauka. Þessar upplýsingar skulu eiga við um gildandi og viðeigandi landsbundnar stefnur eða stefnur Sambandsins og skulu innihalda:
 - i) markmið stefnunnar eða ráðstöfunarinnar og stutta lýsingu á stefnunni eða ráðstöfuninni,
 - ii) eðli aðferða til að framfylgja stefnunni,
 - iii) stöðu framkvæmdar á stefnunni eða ráðstöfununum eða flokki ráðstafananna,
 - iv) vísa sem eru notaðir til að vakta og meta framvindu með tímanum,
 - v) ef þau liggja fyrir, megindleg mót á áhrifum af losun gróðurhúsalofttegunda frá upptökum og upptöku í viðtaka, sundurliðuð í:
 - niðurstöður úr *fyrirframmötum* á áhrifum af stefnu eða ráðstöfunum eða flokkum stefna eða ráðstafana til að draga úr loftslagsbreytingum. Leggja skal fram mót fyrir samfelld fjögur ár í framtíðinni, sem enda á 0 eða 5, strax að loknu skýrslugjafarárinu, þar sem gerður er greinarmunur á losun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB, reglugerð (ESB) 2018/842 og reglugerð (ESB) 2018/841,
 - niðurstöður úr *eftirásmötum* á áhrifum af stefnum eða ráðstöfunum eða flokkum stefna eða ráðstafana og ráðstafana til að draga úr loftslagsbreytingum, ef þær eru til staðar, þar sem gerður er greinarmunur á losun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB, reglugerð (ESB) 2018/842 og reglugerð (ESB) 2018/841,
 - vi) fyrirbyggjandi mót á áætluðum kostnaði og ávinningi af stefnum og ráðstöfunum sem og mót á raunverulegum kostnaði og ávinningi af stefnum og ráðstöfunum,
 - vii) allar fyrirbyggjandi tilvísanir í mót á kostnaði og áhrifum af landsbundnum stefnum og ráðstöfunum, í upplýsingar í framkvæmd stefna og ráðstafana Sambandsins sem takmarka eða draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum frá upptökum eða auka upptöku í viðtaka, ásamt tækniskýrslum sem liggja til grundvallar,
 - viii) mat á framlagi stefnunnar eða ráðstöfunarinnar til að ná fram langtíma stefnuáætluninni sem um getur í 15. gr.,
- d) upplýsingar um fyrirhugaðar landsbundnar stefnur og ráðstafanir til viðbótar, eða flokka ráðstafana, sem gert er ráð fyrir með það fyrir augum að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda umfram skuldbindingar þeirra samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/842 og reglugerð (ESB) 2018/841,
- e) upplýsingar varðandi tengslin milli hinna mismunandi stefna og ráðstafana, eða flokka ráðstafana, sem tilkynnt er um skv. c-lið og hverning slíkar stefnur og ráðstafanir eða flokkar ráðstafana stuðla að mismunandi spám um sviðsmyndir.

VII. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR UM SPÁR Á SVIÐI LOSUNAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Upplýsingar sem skulu vera í skýrslunum sem um getur í 18. gr.:

- a) spár án ráðstafana ef þær liggja fyrir, spár með ráðstöfunum og, ef þær liggja fyrir, spár með viðbótarráðstöfunum,
- b) spár um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og aðskilin mót um áætlaða losun á gróðurhúsalofttegundum fyrir þau upptök losunar sem fjallað er um í tilskipun 2003/87/EB og reglugerð (ESB) 2018/842 og áætlaða losun frá upptökum og upptöku í viðtaka samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/841,
- c) áhrif af stefnum og ráðstöfunum sem eru tilgreindar skv. a-lið 1. mgr. 18. gr. Ef slíkar stefnur og ráðstafanir eru ekki innifaldar skal það koma skýrt fram og útskýrt,
- d) niðurstöður úr næmisgreiningunni sem er gerð vegna spánna og upplýsingar um fyrirmyndirnar og kennistærðirnar sem eru notaðar,
- e) allar viðeigandi tilvísanir í matið og tæknilegu skýrslurnar sem liggja til grundvallar þeim spám sem um getur í 4. mgr. 18. gr.

*XII. VIÐAUKI***LANDSBUNDIN SKRÁNINGARKERFI**

Upplýsingarnar sem um getur í 37. gr. ná yfir eftirfarandi:

- a) gögn og aðferðir úr skýrslugjöf vegna starfsemi og stöðva samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, í þeim tilgangi að taka saman landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir til að tryggja samræmi að því er varðar tilkynnta losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og í landsskrám yfir gróðurhúsalofttegundir,
- b) gögn sem er safnað gegnum skýrslugjafarkerfi fyrir flúoraðar lofttegundir í ýmsum geirum, sem komið var á fót skv. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, í þeim tilgangi að taka saman landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir,
- c) losun, undirliggjandi gögn og aðferðafræði sem starfsstöðvar gefa skýrslu um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 166/2006 í þeim tilgangi að taka saman landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir,
- d) gögn úr skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1099/2008,
- e) gögn sem er safnað með landfræðilegri rakningu á landsvæðum í tengslum við fyrirliggjandi áætlanir og kannanir Sambandsins og aðildarríkjanna, þ.m.t. LUCAS-vöktunarkerfið yfir landnotkun og landþekju og Kópernikusaráætlunina.

XIII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (ESB) nr. 525/2013	Þessi reglugerð
1. gr.	1. mgr. 1. gr.
2. gr.	—
3. gr.	—
4. gr.	15. gr.
5. gr.	1., 2. og 6. mgr. 37. gr., XII. viðauki
6. gr.	3. og 7. mgr. 37. gr.
7. gr.	3., 4., 6. og 7. mgr. 26. gr., V. viðauki
8. gr.	2. og 7. mgr. 26. gr.
9. gr.	4. og 5. mgr. 37. gr.
10. gr.	40. gr.
11. gr.	—
12. gr.	39. gr.
13. gr.	a-liður 1. mgr. 18. gr. og 3. og 4. mgr. 18. gr., VI. viðauki
14. gr.	b-liður 1. mgr. 18. gr. og 2., 3. og 4. gr., VII. viðauki
15. gr.	1. mgr. 19. gr., 1. hluti VIII. viðauka
16. gr.	3. mgr. 19. gr. og 2. hluti VIII. viðauka
17. gr.	2., 4. og 5. mgr. 19. gr., 3. hluti VII. viðauka
18. gr.	önnur undirgrein 2. mgr. 17. gr.
19. gr.	—
20. gr.	—
21. gr.	c-liður 1. mgr. 29. gr. og 5. og 7. mgr. 29. gr.
22. gr.	—
23. gr.	d-, e-, f-, g- og h- liður 1. mgr. 41. gr.
24. gr.	42. gr.
25. gr.	—
26. gr.	a-liður 1. mgr. 44. gr. og 2., 3. og 6. mgr. 44. gr.
27. gr.	—
28. gr.	57. gr.
29. gr.	—